

Alþingi
Erindi nr. P 143/180
komudagur 11.11.2013

Seltjarnarnesi, 10. Nóvember 2013.

Nefndasvið Alþingis,
Alþingi,
150 Reykjavík.

Efni: *Tillaga til þingsályktunar um fríverslunarsamning Kína og Íslands, 73. mál.*

Kínversk-íslenska menningarfélaginu hefur borist til umsagnar Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kína (Lögð fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014).

Stjórn félagsins virðist samningurinn vera í fullu samræmi við aðra fríverslunarsamninga, sem Ísland hefur gert á undanförunum árum. Samningurinn, ásamt yfirlýsingu um tvíhliða samstarf Íslands og Kína, sem undirrituð var við sama tækifæri, getur opnað Íslendingum margvísleg tækifæri á ýmsum sviðum til frekari gagnkvæmra samskipta og samvinnu. M.a. er gert ráð fyrir eflingu samstarfs í ýmsum menningarmálum, sem KÍM hefur látið sig miklu skipta í gegnum tíðina og hlýtur því að fagna sérstaklega, svo og víðtæku samráði á sviðum sem tengjast viðskiptum, mannréttindum o.s.frv.

Í ljósi þeirrar staðreyndar, að um fimmtungur mannkyns býr í Kína og mikill hagvöxtur árum saman hefur leitt til verulega bættra kjara kínversku þjóðarinnar, verður að teljast mjög mikilvægt að íslenskir útflytjendur á vörum og þjónustu skuli fá stórbættan aðgang að slíkum risamarkaði.

Samningurinn ætti tvímælalaust að geta orðið til þess að bæta hag þjóðanna í þeim efnum sem best henta til samstarfsins, enda verði framkvæmd hans hagað þannig að tekið sé á báða bóga fullt tillit til þess sem ólíkt er í menningu, háttum og aðstæðum þjóðanna – og á þeim góða grundvelli sem samningurinn skapar áfram unnið markvíst að því að auka gagnkvæman skilning milli þeirra.

Kínversk-íslenska menningarfélagið mælir því eindregið með samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Virðingarfyllst,

Arnbór Helgason

Arnbór Helgason,
formaður stjórnar KÍM